



# Jafnréttisáætlun Sandgerðisskóla



Hólmfríður Árnadóttir og Fríða Stefánsdóttir  
SANDGERÐISSKÓLI Skólastræti 245 Sandgerði

# Jafnréttisáætlun Sandgerðisskóla

Jafnréttisáætlun Sandgerðisskóla er gerð í samræmi við ákvæði laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 og Aðalnámskrá grunnskóla. Áætlunin er tvíþætt annars vegar nær hún til starfsfólks (19. - 22. gr.) og hins vegar til nemenda (22.-23.gr.) skv. lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.

Stefna Sandgerðisskóla er að allir, nemendur og starfsfólk, njóti jafns réttar óháð kynferði, kynþætti, trú, kynhneigð eða fötlun. Skólastarf í anda jafnréttis tekur mið af mismunandi námshæfileikum nemenda og miðar að því að styrkja og efla hvern og einn til framfara og þroska, óháð kynferði.

Sandgerðisskóli leggur áherslu á jafnrétti einstaklinga með áherslu á einkunnarorð skólans sem eru vöxtur, virðing, vilji og vinátta. Mikilvægt er að nemendur og starfsfólk skólans hafi jafnan rétt til að hafa áhrif á skólastarfið, stefnumótun og ákvarðanatöku og skal reynt að tryggja það með sem bestum hætti. Þess skal gætt í starfsháttum skólans og daglegri umgengni við starfsfólk sem og nemendur að þeim sé ekki mismunað á grundvelli kynferðis.

Jafnréttisáætlun Sandgerðisskóla er kynnt fyrir hagsmunaaðilum og birtist hún í skólanámskrá skólans, almennum hluta. Skólanámskrána má finna á heimasíðu skólans og einnig er hægt að fá hana útprentaða hjá ritara.

## Ábyrgð og umsjón með jafnréttismálum

Skólastjóri, Hólmfríður Árnadóttir, ber ábyrgð á jafnréttisáætlun skólans og skipar jafnréttisnefnd sem sér um að áætluninni sé fylgt eftir.

### Jafnréttisnefnd

Í jafnréttisnefnd skólans sitja Fríða Stefánsdóttir formaður, Ómar Jóhannsson, Helena Maria Piechnik og Hannes Jón Jónsson.

#### Hlutverk nefndarinnar:

- Fylgja jafnréttisáætlun skólans eftir.
- Endurskoða jafnréttisáætlun skólans sama ár og almennur hluti skóla-námskrár er endurskoðaður
- Halda utan um gögn sem unnið er að skv. áætluninni eins og tölulegar upplýsingar og tryggja að þær séu birtar.
- Vinna að umbótum þegar það á við

- Fylgjast með breytingum sem verða á lögum og reglugerðum um jafnréttismál kynjanna.
- Vinna og halda utan um hugmyndabanka/námsefni um jafnréttiskennslu.
- Benda á leiðir til að samþætta jafnréttisfræðslu við námsefni í samræmi við aðalnámskrá.

## Menntun og skólastarf

Markmið: Hvorki starfsfólki né nemendum skal mismunað eftir kyni í skólanum. Þess skal gætt við alla áætlanagerð og stefnumótun. Á öllum skólastigum skulu nemendur hljóta fræðslu um jafnréttismál þar sem m.a. skal lögð áhersla á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi. Kennslu- og námsgögn skulu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað. Í náms- og starfsfræðslu og við ráðgjöf í skólum skulu piltar og stúlkur hljóta fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf óháð kyni.

Aðgerð/verkefni: Skólastjóri skal fela náms- og starfsráðgjafa og jafnréttisnefnd að yfirfara námsáætlanir og skólanámskrá með það fyrir augum að kanna hvort jafnt tillit sé tekið til kynjanna innan skólans. Skólastjóri skal leitast við að öll stefnumótun sem þannig er úr garði gerð að hún samræmist jafnréttisáætlun. Kannanir starfsmanna, nemenda og foreldra sem eru þáttur í innra mati skólans skulu inna viðkomandi aðila eftir því hvort jafnrétti kynjanna sé að jafnaði gætt innan skólans.

Ábyrgð: Skólastjóri

Tímarammi: Ár hvert við innra mat skal þess gætt að jafnrétti ríki innan skólans hvort heldur sem um starfsfólk og/eða nemendur er að ræða.

## Starfsfólk

Í Sandgerðisskóla er lögð áhersla á að starfsauglýsingar séu í anda jafnréttislaga og að auglýst störf standi opin jafnt konum sem körlum.

Hvernig: Í starfsauglýsingum verði vitnað í jafnréttisáætlun Sandgerðisskóla. Karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um lausar stöður við skólann. Komi tveir jafnhæfir umsækjendur til greina skal stefna að því að ráða einstakling af því kyni sem hallar á innan skólans, kennslugreinarinnar eða stigsins sem um ræðir. Við sérstakar aðstæður t.d. vegna kyns nemanda sem þarf stuðning eða sérstaklega aðstoð, getur verið nauðsynlegt að auglýsa og ráða einstakling af ákveðnu kyni til starfa.

Hver: Skólastjóri.

Hvenær: Þegar við á.

## Endurmenntun og starfsþjálfun

Öllu starfsfólki skólans stendur til boða að sækja sér endurmenntun og starfsþjálfun sem hentar hverjum og einum og samræmist stefnu skólans.

Hvernig: Við gerð símenntunaráætlunar er þess gætt að kynjunum sé ekki mismunað og að áætlunin höfði til beggja kynja. Fræðsla um jafnréttismál er í boði fyrir starfsfólk.

Hver: Skólastjóri.

Hvenær: Á hverju skólaári.

## Launajafnrétti

Í Sandgerðisskóla njóta konur og karlar sömu launakjara og hafa jafna möguleika á breytingum á vinnuaðstæðum s.s. launuðum aukastörfum, stöðuhækkunum og breytingum á starfi. Nauðsynlegt er að fylgjast með launum starfsfólks út frá kynjasjónarmiði og að ekki sé um óútskýrðan launamun að ræða milli kynjanna í skólanum.

Hvernig: Gerð er athugun á launum starfsmanna með áherslu á jafnan rétt kynjanna.

Hver: Skólastjóri og launafulltrúi.

Hvenær: Árlega.

## Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs

Í Sandgerðisskóla er lögð áhersla á að koma til móts við þarfir starfsfólks varðandi fjölskyldulíf og gæta þess sérstaklega að sama gildi um bæði kynin. Mikilvægt er að starfsfólk hafi tækifæri til þess að sinna skyldum sínum í starfi jafnt sem einkalífi og að gott jafnvægi sé þar á milli. Reynt er að koma til móts við starfsfólk um sveigjanleika í störfum þar sem kostur er.

Skólastjórnendur stefna að því að koma til móts við þarfir starfsmanna varðandi fjölskyldulíf og gæta þess sérstaklega að sama gildi um karla jafnt sem konur. Tekið skal tillit til fjölskylduaðstæðna um leið og starfsmenn skuldbinda sig til að taka einnig tillit til þarfa atvinnulífsins að því marki að aldrei halli á starfsmanninn og fjölskyldu hans. Starfsmönnum skal gert auðvelt að koma til starfa að loknu fæðingar- og foreldraorlofi eða leyfi úr vinnu vegna óviðráðanlegra og brýnna fjölskylduaðstæðna. Stjórnandi vinnur náið með starfsmönnum að skipuleggja það leyfi sem þarf við þessar aðstæður.

Hvernig: Óskir starfsfólks um sveigjanleika eru metnar eftir aðstæðum. Við innra mat hvert ár er þess gætt að tekið hafi verið tillit til þarfa starfsmanns með tilliti til samþættingu fjölskyldu og atvinnulífs. Í starfsmannasamtali skal sérstaklega ræða þetta og komi óánægja í ljós skal skólastjóri í samvinnu við stjórnunarteymi kanna málið frekar og grípa til aðgerða til að sporna gegn árekstrum milli fjölskyldulífs og atvinnuþátttöku við skólann.

Hver: Skólastjóri í samvinnu við starfsfólk.

Hvenær: Í starfsmannasamtölum sem eru árlega og þegar við á.

## Kynbundið ofbeldi, kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni

Kynbundið ofbeldi, kynbundin eða kynferðisleg áreitni er ekki liðin í skólanum og starfsmönnum er gert ljóst að þeir eigi aldrei að setta sig við slíkt athæfi. Starfsfólk þarf að vera meðvitað um ábyrgð og hvaða leiðir skuli fara ef upp koma tilvik sem varða slíkt áreiti. Í sveitarfélaginu er unnið eftir „Aðgerðaráætlun Sandgerðisbæjar gegn einelti, ofbeldi, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og annarri ótilhlýðilegri hegðun“ (<https://www.sandgerdi.is/wp-content/uploads/2015/10/ofbeldi.pdf>).

Hvernig: Með fræðslu varðandi kynbundið ofbeldi, kynbundna og kynferðislega áreitni.

Hver: Skólastjórn, jafnréttisnefnd og trúnaðarmaður.

Hvenær: Ár hvert skal inna starfsmenn eftir upplifun sinni varðandi kynbundið ofbeldi, kynferðislega eða kynbundna áreitni í starfsmannasamtali og í starfsmannakönnun Skólapúlsins sem eru þættir í innra mati skólans.

## Nemendur

Þess skal gætt í öllum starfsháttum skólans og í daglegri umgengni við nemendur að þeim sé ekki mismunað á grundvelli kynferðis heldur sé þörfum beggja kynja mætt í skólastarfinu. Í aðalnámskrá grunnskóla kemur fram að markmið jafnréttismenntunar sé að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsum samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis.

## Fræðsla

Nemendur á öllum skólastigum taka þátt í að skapa samfélag jafnréttis og réttlætis. Þeir fá fræðslu um jafnréttismál þar sem lögð er áhersla á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu. Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla, almennum hluta 2011 er jafnrétti einn af grunnþáttum menntunar og í skólanum er leitast við að fylgja því í hvívetna. Nemendur og starfsfólk Sandgerðisskóla er þeirrar gæfu aðnjótandi að vera virkir þátttakendur í fjölmeningarsamfélagi en nemendur skólans eru af mörgum þjóðernum, víðsvegar að úr heiminum.

Hvernig: Sandgerðisskóli starfar samkvæmt markmiðum aðalnámskrár grunnskóla. Kennsla í jafnréttismálum fer fram á öllum sviðum skólastarfsins og kennarar taka mið af því.

Hver: Náms- og starfsráðgjafi og kennarar.

Hvenær: Þegar við á. Markmið og kennslutilhögun í jafnréttismálum eru sett fram í bekkjarnámskrám að hausti og endurskoðuð að vori.

## Námsgögn

Kennsla og námsgögn skulu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað. Kennarar þurfa að gæta þess að nota ekki námsefni sem ýtir undir kynjamismunun eða staðalmyndir og þess gætt við innkaup á námsefni.

Hvernig: Menntamálastofnun býður upp á mikið námsefni um jafnrétti sem kennarar nota til kennslu. Gæta skal þess að nota ekki gagnrýnislaust námsefni sem sýnir staðlaðar kynjaímyndir og/eða mismunar kynjunum að einhverju leyti.

Hver: Stjórnendur og kennarar.

Hvenær: Þegar við á.

## Náms- og starfsfræðsla

Náms- og starfsfræðsla miðar að því að kynna nám og störf fyrir nemendum. Í Sandgerðisskóla skulu drengir og stúlkur óháð kyni hljóta fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf. Mikilvægt er að kynna bæði stúlkum og drengjum möguleika á framhaldsmenntun og störfum sem litið hefur verið á sem hefðbundin kvenna- eða karlastörf. Jafnframt að hvetja nemendur til að prófa það sem hentar hverjum og einum óháð kyni.

**Hvernig:** Á hverju ári er haldin starfsgreinakynning fyrir 8. og 10. bekk á Suðurnesjum á vegum Þekkingarseturs Suðurnesja fyrir SSS. Þar eru kynnt hin ýmsu störf og starfsgreinar. Nemendur eru hvattir til að kynna sér nám og störf sem áður hefur verið litið á sem hefðbundnar leiðir kynjanna. Annað til þriðja hvert ár er leitast við að fá fulltrúa frá Jafnréttisstofu til að kynna jafnréttislög, starfsemi stofnunarinnar og jafnrétti með tilliti til launa og í almennum skilningi.

Námsráðgjafar úr Fjölbrautaskóla Suðurnesja koma í skólann einu sinni á ári og kynna námið fyrir 10. bekk, einnig er nemendum 9. bekkjar boðið í heimsókn í Fjölbrautaskólann þar sem þeir fá kynningu og fræðslu um skólann.

Sandgerðisskóli bíður öllum nemendum 10. bekkjar að taka áhugasviðskönnun hjá námsráðgjafa. Könnunin heitir Bendill og er rafræn könnun sniðin að þörfum nemenda í 10. bekk. Könnunin er mats- og upplýsingakerfi sem hannað er til að aðstoða þá sem þurfa að taka ákvarðanir um nám eða störf. Í ráðgjöf um náms- og starfsval er lögð áhersla á að fólk velji nám og síðar starf, sem hæfir áhuga þeirra. Bendil má nota annars vegar til að meta starfsáhuga og hins vegar til að afla upplýsingar um störf.

**Hver:** Skólastjórnendur og náms- og starfsráðgjafi.

**Hvenær:** Yfir skólaárið þegar við á.

### Kynbundið ofbeldi, kynferðisleg áreitni og kynbundin áreitni

Nemendur fá fræðslu um kynbundið ofbeldi, kynferðislega áreitni og kynferðislegt ofbeldi og þeim er gert ljóst hvert þeir geti leitað eftir aðstoð komi slíkt mál upp hvort heldur sem er af hálfu annarra nemenda eða starfsfólks.

**Hvernig:** Fræðsla til nemenda um kynþroska, kynlíf og siðferði í samskiptum kynjanna verði samkvæmt markmiðum aðalnámskrár grunnskóla og skólanámskrá. Á hverju hausti er farið yfir það með starfsfólki skólans hvað getur falist í kynbundnu ofbeldi, kynbundnu áreiti í samskiptum nemenda og starfsmanna. Nemendum verður einnig kynnt hvert þeir geti leitað.

**Hver:** Skólastjórnendur, kennarar, námsráðgjafi, hjúkrunarfræðingur skólans og fyrirlesarar.

**Hvenær:** Yfir skólaárið þegar við á.

### Samstarf heimilis og skóla

Starfsfólk skólans þarf að vera meðvitað í samskiptum við foreldra/forráðamenn og gæta þess að útiloka ekki annað foreldri/forráðamann á grundvelli kyns. Mikilvægt er að litið sé á feður og mæður sem jafngild í foreldrasamstarfinu.

**Hvernig:** Í samskiptum við heimilið er þess gætt að báðir foreldrar séu jafngildir í samstarfinu. Haldið er utan um tölfræðilegar upplýsingar um kynjaskiptingu foreldra í viðtölum og á fundum á vegum skólans.

**Hver:** Skólastjórnendur, kennarar, foreldrafélag og jafnréttisnefnd skólans.

**Hvenær:** Þegar við á.

**Telji starfsmaður/nemandi á sér brotið samkvæmt áætlun þessari og lausn finnst ekki innan skólans getur viðkomandi leitað til mannauðsstjóra sveitarfélagsins sem er Halla Þórhallsdóttir.**

## **Endurskoðun**

Jafnréttisáætlun er endurskoðuð um leið og almennur hluti skólanámskrár þ.e. annað hvert ár.

### **Jafnréttisáætlun Sandgerðiskóla byggir á:**

Lögum um grunnskóla nr. 91/2008

Lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008

Aðalnámskrá grunnskóla, 3. útg. 2016

Skólanámskrá Sandgerðisskóla

Leiðbeiningum við gerð jafnréttisáætlunar útgefnum af Jafnréttisstofu (sjá [www.jafnretti.is](http://www.jafnretti.is))